

Nefndasvið  
Skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

11.17  
30.11.2009

Varðar: **Umsögn Landsnets hf. um tillögu til þingsályktunar um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, 23. Mál.**

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að gera tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Landsnet hefur yfirfarið tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir við hana.

Í níundu málsgrein greinargerðarinnar segir eftirfarandi:

"Hvalárvirkjun er eini nýji virkjunarkostur Vestfjarða eins og nú standa sakir sem gæti bætt raforkuöryggi Vestfjarða og **hægt væri að hefja framkvæmdir við strax án ágreinings um vatnsréttindi, land og annað það er aðslíkri framkvæmd snýr**".


Landsnet vekur athygli á því að athugun á tengimöguleikum virkjunarinnar eru á frumstigi og endanlegir tengikostir hafa ekki verið ákveðnir. Því liggur ekki fyrir afstaða landeigenda og annarra hagsmunaaðila, þ.m.t. skipulagsyfirvalda, að sveitarstjórn Árneshrepps undanskilinni, til staðsetningar og fyrirkomulags flutningsvirkja vegna virkjunarinnar. Þar af leiðandi er ekki hægt að fullyrða að ekki sé ágreiningur um þessi atriði, auk þess sem viðkomandi framkvæmdir eru háðar ferli mats á umhverfisáhrifum.

Með vísun í 13. málsgrein greinargerðarinnar, bendir Landsnet á eftirfarandi:

Aukinn ábati samfélagsins vegna tilkomu Hvalárvirkjunar er metinn á samtals um 310 milljónir yfir 20 ára tímabil. Ábati Landsnets felst svo í minni keyrslu varaafli í truflanatilvikum, 39 milljónir, og lækkun samnings um aðgang að varaafli, 124 milljónir þ.e. samtals um 160 milljónir króna á 20 ára tímabili.

Nánari umfjöllun um ýmsar leiðir til bættrar afhendingar raforku á Vestfjörðum má finna í skýrslu Landsnets „Bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum“, Landsnet-09009, mars 2009. Þar kemur fram að Landsnet hefur þegar hafist handa við ýmsar úrbætur á vestfjarðarkerfinu með það að markmiði að auka afhendingaröryggi þess. Dæmi um þetta eru að endurnýja varnarbúnað sem bregst við þegar til truflana kemur, tengja alla afhendingarstaði við stjórnstöð Landsnets, leggja jarðstreng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, gera tillögu um nýja spennistöð á Ísafirði, skoða möguleika á að kaupa reiðuafli frá stækkun Mjólkárvirkjunar, styrkja Mjólkárlínu enn frekar og svo að síðustu að skoða framtíðarlausnir sem tryggja viðunandi lausnir á afhendingaröryggi Vestfjarða. Ofangreind skýrsla fjallar nánar um síðast nefndu þættina. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Landsnets.

Virðingarfyllt



Þórður Guðmundsson, forstjóri